# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.**

*Deiliskipulag Verkmenntaskólans á Akureyri.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 28. ágúst 2014 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri.

Deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir tveimur nýbyggingum auk viðbygginga við núverandi húsnæði.

*Breyting á deiliskipulagi – Fiskitangi 4.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. september 2014 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Fiskitanga 4.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir niðurrifi á tveimur bröggum á lóðinni nr. 4 við Fiskitanga.

*Breyting á deiliskipulagi – Breiðholt, hesthúsahverfi – Perlugata 7.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. september 2014 í samræmi við við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Breiðholt, hesthúsahverfi.

Um er að ræða stækkun á byggingarreit um tvo metra innan lóðar. Nýtingarhlutfall lóðarinnar helst óbreytt.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 16. september 2014,*

**Margrét Mazmanian Róbertsdóttir,** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2014